

## 7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga, og til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni eða til ágóða fyrir stofnanir eða fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfir til almenningsheilla.

Samþykkt þessi, sem er gerð af hreppsnefnd Hvolhrepps, samkvæmt lögum nr. 17. 1. febrúar 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 20—500 krónum og renna sektirnar í sveitarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. maí 1962.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson*

**SAMÞYKKT**

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð í Norður-Þingeyjarsýslu,  
nr. 53 17. apríl 1959.

## 1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Sýsluvegir eru:

*Í Kelduneshreppi:*

1. Sultavegur, af Þingeyjarsýslubraut á móts við Vikingavatn að Sultum.
2. Garðsvegur, af Þingeyjarsýslubraut að Garði.
3. Sandsvegur, af Þingeyjarsýslubraut, hjá Lindarbrekku um Þórunnarsel, Syðri-Bakka, Þórseyri og Árnanes, með álmu að Nýjabæ.
4. Eyvindarstaðavegur, af Þingeyjarsýslubraut austan Lindarbrekku að Eyvindarstöðum og Eyvindarholti.
5. Uppsveitarvegur, af Þingeyjarsýslubraut, norður af Meiðavöllum, um Tóvegg og Hlíðargerði að Undirvegg.

*Í Ózarfjarðarhreppi:*

6. Austursandsvegur, af Sandsvegi við Sandárbrú um Skóga, að Jökulsá og þaðan að Ytri-Bakka í Kelduneshreppi, með álmu í Ærlækjarsel og um Hróarsstaði í Akursel.
7. Leifsstaðavegur, af Axarfjarðarheiðar- og Þistilfjarðarvegi austan Klifshaga að Leifsstöðum.
8. Gilhagavegur, af Kópaskersvegi hjá Lundi, um Hafrafellstungu og Gilsbakka að Gilhaga.
9. Bjarnastaðavegur, af Gilhagavegi við Smjörhólsárbrú, um Smjörhól að Bjarnastöðum.
10. Vestara-Landsvegur, af Hólsfjallavegi hjá Austara-Landi að Vestara-Landi.

*Í Fjallahreppi:*

11. Víðihólsvegur, af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum, um Grundarhól, Víðihól að Nýjahóli.

*Í Presthólahreppi:*

12. Daðastaðavegur, af Kópaskersvegi hjá Sveltingi, um Daðastaði, Arnarhól í Arnarstaði.
13. Einarstaðavegur, af Kópaskersvegi í Magnavík að Einarstöðum.
14. Efri-Hólavegur, af Kópaskersvegi um Presthóla að Efri-Hólum.
15. Katastaðavegur, af Kópaskersvegi hjá Brekkuhamri í Katastaði.
16. Flugvallarvegur, af Kópaskersvegi að Kópaskersflugvelli.
17. Grjótnesvegur af Raufarhafnarvegi norðan Leirhafnarvatns um Sæborg, að Grjótnesi.
18. Núpskötluvegur, af Raufarhafnarvegi í Skarði um Jörfa að Núpskötlu.
19. Oddsstaðavegur, af Raufarhafnarvegi, á Þýfigötu um Vatnsenda að Oddsstöðum.

*Í Svalbarðshreppi:*

20. Sveinungsvíkurvegur, af Raufarhafnarvegi að Sveinungsvík.
21. Krossavíkurvegur, af Raufarhafnarvegi hjá Þernuvatni norðan Þorskfjalls að Krossavík.
22. Brekknakotsvegur, af Þistilfjarðarvegi að Brekknakoti.
23. Kúðarvegur, af Þistilfjarðarvegi, um Svalbarðssel, Fjallalækjarsel að Kúða.
24. Ytra-Álandsvegur, af Þistilfjarðarvegi, austan Sandár að Ytra-Álandi.
25. Syðra-Álandsvegur, af Þistilfjarðarvegi um Skógarás að Syðra-Álandi.
26. Hvammsvegur, af Þistilfjarðarvegi vestan Hafralónsár að Hvammi.

*Í Sauðaneshreppi:*

27. Tunguselsvegur, af Þistilfjarðarvegi austan Hafralónsár, um Hallgilsstaði að Tunguseli.
28. Ásselsvegur, af Hálsvegi hjá Hóli að Ásseli.
29. Flugvallarvegur, af Langanesvegi utan Sauðaness, að flugvelli.
30. Hlíðarvegur, af Langanesvegi vestan Krossóss að Hlíð.
31. Hrollaugstaðavegur, af Langanesvegi utan við Heiði, norðan Heiðarfjalls að Hrollaugstöðum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, sbr. lög nr. 50 17. maí 1947 og lög nr. 41. 4. apríl 1956, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 25. maí 1962.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*